

Fimmtudaginn 17. mars 1994.

Nr. 372/1993.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Ellert Guðmundssyni

(Einar Gautur Steingrímsson hdl.)

Brot gegn valdstjórninni. Brot gegn 4. mgr. 220. gr. alm. hgl. Skaðabætur. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Gunnar M. Guðmundsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar í heild sinni af ákærða og einnig af hálfu ákærvalds með áfrýjunarstefnu 23. ágúst 1993. Krefst ákærði aðallega, að meðferð málsins í héraði verði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hann sýknu, en til þrautavara, að hann verði dæmdur í vægustu refsingu, sem lög leyfa. Af hálfu ákærvalds er krafist þyngingar á refsingu.

Ekki eru efni til að taka kröfu ákærða um ómerkingu til greina.

Vitnið Sveinn Ægir Árnason lögreglumaður bar fyrir dómi, að ákærði hefði steytt hnefa og slegið í áttina að höfði Guðmundar Steindórssonar aðstoðarvarðstjóra, þegar hann gerði sig líklegan til að fjarlægja númerin af bifreið ákærða. Hafi sér virst sem hnefinn kæmi í andlit honum. Vitnið hefur ekki fullyrt, að ákærði hafi slegið Guðmund með krepptum hnefa í andlitið, og er framburður lög-reglumannanna tveggja því ekki samhljóða að þessu leyti.

Að þessu athuguðu ber með skírskotun til forsendna hins áfrýj-
aða dóms að staðfesta hann.

Þá skal ákærði greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Ellert Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000

krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Einars Gauts Steingrímssonar héraðsdómslögmanns, 35.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 30. júní 1993.

I.

Dómkröfur.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 2. þ. m., er höfðað hér fyrir héraðsdómnum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 5. apríl 1993, á hendur Ellert Guðmundssyni, Kambahrauni 4, Hveragerði. Í ákæruskjali ríkissaksóknara eru ákæruatriði tilgreind með þessum hætti:

„Fyrir eftirtalin brot, framin árið 1992:

I.

Fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa fimmtudaginn 2. júlí við heimili sitt, er lögreglumenn hugðust fjarlægja skráningarmerki af bifreið hans, sem hann hafði vanrækt að færa til aðalskoðunar, slegið lögreglumanninn Guðmund Steindórsson, fæddan 26. september 1941, hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum, að hann bólgnaði á neðri vör, fékk sár á vörina og vinstri framtönn í neðra gómi losnaði.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Fyrir umferðarlagabrot með því að hafa fimmtudaginn 6. ágúst á bifreiðastæði við Kaupfélag Árnesinga á Selfossi ekið bifreiðinni R-13006 svo óvarlega aftur á bak, að hún rakst á bifreiðina R-16825.

Telst þetta varða við 1. mgr. 17. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

III.

Fyrir að hafa í ofangreint sinn á sama stað á ófyrirleitinn hátt stofnað í stórhættu lífi eða heilsu Jóhanns Helga Konráðssonar, fædds 30. október 1973, með því að aka bifreiðinni af ásetningi á hann, þar sem hann stóð framan við bifreiðina, svo að hann varð að setjast upp á vélarhlíf hennar, aka með hann þannig stuttan spöl og snögghemla svo að hann féll í götuna, en við þetta skrámaðist Jóhann Helgi á vinstra sköflungi og marðist á báðum fótum.

Telst þetta varða við 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 4. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar öku-

réttinda samkvæmt 101. gr. nefndra umferðarlaga. Þá krefst Jóhann Helgi Konráðsson þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð 1.227 krónur, og Guðmundur Steindórsson, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð 25.000 krónur auk vaxta.“

II.

Málsatvik.

Fyrsti ákæruliður.

Á vordögum 1992 beindi lögreglustjórinn í Árnassýslu því til yfirlögregluþjónsins á Selfossi að lögreglumenn framfylgdu svohljóðandi fyrirmælum:

„Að undanfögnu hefur borið á því að nokkur fjöldi óskoðaðra bifreiða er í umferð í umdæminu.

Því er hér með þess farið á leit við yður að þér hlutist til um að gengið verði fram í að klippa númer af óskoðuðum bifreiðum.“

Fimmtudaginn 2. júlí 1992 voru lögreglumennirnir Guðmundur Steindórsson og Sveinn Ægir Árnason í eftirlitsferð í Hveragerði og sáu jeppa-bifreið ákærða, X-1312, af gerðinni Lada-sport standa í innkeyrslunni við heimili ákærða. Bifreiðin hafði ekki verið færð til aðalskoðunar. Lögreglumennirnir undirbyggðu að framkvæma fyrirmæli um að klippa númerin af bifreiðinni. Ákærði, sem var heima við og séð hafði til ferða lögreglumannanna, kom nú þarna að og kvað fyrirhugaðar aðgerðir þeirra með öllu ólögmatar. Til orðaskipta kom milli ákærða og lögreglumannanna. Lögreglumennirnir halda því fram, að í þann mund, sem lögreglumaðurinn Guðmundur var að beygja sig niður að bifreiðinni, hafi ákærði slegið hann með krepptum hnefa í andlitið, en því neitar ákærði. Framburður ákærða annars vegar og lögreglumannanna hins vegar verður nú að þessu leyti rakinn.

Þannig segir ákærði við lögreglurannsókn: „Þar sem lögreglumennirnir stefndu inn á lóðina benti ég þeim á, að ég væri inni á minni lóð, og benti þeim á friðhelgi heimilisins og þeim væri óheimilt að fara inn á lóðina til að taka númerin. Svo gerðist það, að Guðmundur lögreglumaður óð að mér og pressaði mig upp við bíl minn. Ég streitist á móti, og þá tók Guðmundur mig höfuðtaki. Ég setti þá handarjaðar vinstri handar að andliti Guðmundar og reyndi að ýta frá mér. Það eru ósannindi að ég hafi slegið hann í andlitið.“ Hér fyrir dómi hefur ákærði haldið fast við þennan framburð en viðurkennir að hafa ýtt á axlir lögreglumannsins Guðmundar og stjakað þannig við honum, er lögreglumaðurinn beygði sig niður til að klippa númerin af bifreiðinni.

Framburður vitnisins Guðmundar Steindórssonar lögreglumanns er aftur

á móti þannig við lögreglurannsókn: „Ég gekk að bifreiðinni í þeim tilgangi að fjarlægja skráningarmerkin og hafði beygt mig niður framan við bifreiðina til að komast að skrúfum. Þá réðst Ellert að mér og sló til mín með hnefanum og kom höggið á munninn á mér. Það sprakk fyrir á neðri vör og síðar kom í ljós að framtönn í neðri góm losnaði.“ Efnislega samhljóða framburð gaf vitnið hér fyrir dómnum. Þannig sagði vitnið, að þegar það hefði beygt sig niður að bifreiðinni, hefði ákærði slegið hann með krepptum hnefa beint í andlitið. Vitnið sagði, að við þetta hefði tönn losnað og sprungið fyrir á vör, en með aðstoð félaga síns hefði því tekist að handjarna ákærða, og þeir síðan fært hann á lögreglustöðina á Selfossi. Vitnið leitaði strax lækis, sem gaf út vottorð um áverkana.

Vitnið Sveinn Ægir Árnason lögreglumaður skýrir svo frá hér fyrir dómnum: „Hann (Guðmundur lögreglumaður) var að gera sig líklegan til að taka númerin af bílnum eftir að við höfðum rætt við hann þó nokkra stund, vorum að reyna að tala um fyrir honum. Þá hugðist Guðmundur reyna að taka númerin af bílnum, Ellert var þá fyrir framan hann og sló í áttina að höfðinu á honum og virtist sem hnefinn kæmi í andlitið á Guðmundi, krepptur hnefi. Hann hafði verið að steyta hnefann.“ Vitnið gaf einnig skýrslu við lögreglurannsókn.

Vitnið Haraldur Sigurðsson, Kambahrauni 5, Hveragerði, kveðst hafa verið að drekka kaffi í eldhúsinu heima hjá sér. Vitnið sá ekki, hver aðdragandi var að því, að ákærði var handtekinn, og framburður eiginkonu ákærða hefur hér ekki heldur þýðingu, en hvorugt þessara vitna hafði gefið skýrslu við lögreglurannsókn.

Lagt hefur verið fram í málinu áverkavottorð, út gefið 2. júlí 1992 af Kjartani Davíðssyni, lækni Heilsugæslustöð Selfoss, og er það svohljóðandi: „Sj. kom á slysadeild kl. 18.45, 02. 07. 1992. Að sögn sjúkl. sleginn með hnefa í andlitið við vinnu sína og kom beint á slysadeild í framhaldi af því. Hann var með ferska áverka, hafði sprungið út úr neðri vör og bólga í sári. Einnig hafði losnað um vi. framtönn í neðra gómi. Álit: Áverkarnir samræmast því að sjúkl. hafi fengið eitt högg í andlitið.“

Fyrirmæli þau, sem lögreglumennirnir fengu frá yfirboðurum sínum, voru almenns eðlis og fólust í að klippa númer af óskoðuðum bifreiðum. Óumdeilt er að ákærði hafði vanrækt að færa bifreið sína til aðalskoðunar. Í 69. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 er fjallað um bann við notkun ökutækis og hljóðar lagageinin þannig: „Nú kemur í ljós, að skráningarskylt ökutæki er til hættu fyrir umferðaröryggi eða er eigi fært til skoðunar þegar krafist er, og getur þá löggæslumaður tekið af því skráningarmerki.“ Lagalega höfðu lögreglumennirnir heimild til að taka skráningarmerki af bifreið ákærða.

Pótt lögreglumennirnir laust eftir miðjan dag fimmtudaginn 2. júlí 1992 tækju númerin af óskoðaðri bifreið ákærða, sem stóð við heimili hans, hafði það ekki í för með sér rökun á friðhelgi heimilis ákærða, sem varin er af stjórnarskránni. Samkvæmt þessu var lögreglumaðurinn Guðmundur Steindórsson hér að gegna skyldustörfum.

Við niðurstöðu á þessum þætti málsins þykir mega leggja til grundvallar samhljóða framburð lögreglumannanna Guðmundar og Sveins Ægis um að ákærði hafi slegið lögreglumanninn Guðmund með krepptum hnefa í andlitið. Framburður ákærða um, að hann hafi einungis ýtt við lögreglumanninum, styðst ekki við fram lögð gögn í málinu, og ekki heldur verður sú fullyrðing hans studd framburði vitna þeirra, sem hann lét leiða við aðalmeðferð málsins. Fram lagt læknisvottorð styður framburð lögreglumannanna um að lögreglumaðurinn Guðmundur hafi hlotið áverka eftir hnefahögg ákærða. Verður þannig þrátt fyrir neitun ákærða, en með framburði framangreindra vitna að telja nægilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem í fyrsta ákærulið greinir, en þar er broti ákærða réttilega lýst og þykir í samræmi við ofangreindan rökstuðning réttilega heimfært undir 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Síðari tveir ákæruliðir.

Laust eftir hádegi fimmtudaginn 6. ágúst 1992 ók ákærði bifreið sinni, R-13006, aftur á bak úr bifreiðastæði við Bifreiðasmiðjur Kaupfélags Árnesinga. Bifreið ákærða rakst þá á bifreiðina R-16825, sem ekið var í sam-síða bifreiðastæði. Ákærði, sem neitar því, að rekja megí áreksturinn til þess, að hann hafi ekið óvarlega, segir, að hann hafi séð ógreinilega út um afturrúðu bifreiðar sinnar vegna móðu, sem á henni hafi verið. Hann hafi hins vegar verið búinn að kanna, að ekkert væri fyrir aftan bifreiðina og því ekið henni aftur á bak um leið og hann leit í hægri hliðarspegil, en tekið síðan krappa hægri beygju og verið á þó nokkurri ferð, er hann rakst á bifreiðina R-16825. Ökumaður hinnar bifreiðarinnar, vitnið Jóhann Helgi Konráðsson, kvaðst hafa verið í þann veginn að stöðva bifreið sína í bifreiðastæði fyrir framan varahlutaverslun K.Á., þegar ákærði hafi skyndilega ekið bifreið sinni inn í hlið bifreiðar vitnisins.

Ákærði og vitnið Jóhann Helgi ræddu nú á vettvangi sín á milli, hvernig best væri að ganga frá málinu en urðu ekki á eitt sáttir um það. Tók ákærði ákvörðun um að aka brott af vettvangi en vitnið Jóhann Helgi reyndi að aftra því. Upplýst er að er ákærði ók af stað, stóð Jóhann Helgi fyrir framan bifreiðina og skömmu síðar ók ákærði með Jóhann Helga sitjandi á vélarhlífinni. Jóhann Helgi hélt sér í þurrkuarmana en ákærði snögghemlaði þá, sem varð til þess að Jóhann Helgi féll af bifreiðinni og í götuna.

Ákærði segir, að hann hafi gert sér ljóst í viðræðum við Jóhann Helga, að hann sjálfur ætti ekki sök á óhappinu. Sú staðreynd ásamt því, að honum hafi mislíkað framkoma Jóhanns Helga við sig, hafi haft þau áhrif, að hann sá ekki ástæðu til að vera lengur á staðnum. Hann hafi sest undir stýri og ætlað að aka á brott en þá hafi Jóhann Helgi hlaupið fram fyrir bílinn, sest á vélarhlífina og haldið sér í þurrkuarmana. Ákærði kveðst hafa ekið stuttan spöl með Jóhann Helga á vélarhlífinni en síðan hemlað og þá hafi Jóhann Helgi rennt sér niður af bifreiðinni og síðan rífið upp bílstjórahurðina en hann sjálfur ekið burt.

Vitnið Jóhann Helgi Konráðsson heldur því hins vegar fram, að ákærði hafi orðið illur, þegar vitnið vildi ekki eiga bein viðskipti við ákærða um tjónahlið málsins, án afskipta tryggingafélaganna. Ákærði hafi orðið snöggillur og virst þegar í stað ætla að yfirgefa vettvang. Vitnið kveðst þá hafa gengið fram fyrir bifreið ákærða en ákærði þá ekið af stað og á vitnið, sem þá hafi snúið sér við og sest á vélarhlíf bifreiðarinnar. Ákærði hafi þá aukið vélaraflið með því að stíga vel á bensínkjöfina. Þá kvaðst vitnið hafa gripið í þurrkuarmana og haldið sér þannig á meðan ákærði ók nokkra metra, með vitnið sitjandi á vélarhlífinni, en ákærði hafi þá snögghemlað og vitnið þá fallið á jörðina. Vitnið kvaðst strax hafa staðið upp og opnað öikumannsdýrnar í þeim tilgangi að komast að kveikjúlásslyklinum en þá mistekist og ákærði ekið af vettvangi. Vitni sagði, að því hefði virst sem ákærði æki á fullri ferð áfram, á meðan það sjálft sat á vélarhlífinni. Vitnið taldi sig hafa sloppið vel úr þessari lífsreynslu.

Vitnið Halldór Ingi Guðmundsson kvaðst hafa séð atburði alla vel en vitnið var við störf inni í húsinu. Vitnið sagðist hafa séð ákærða aka bifreið sinni inn í hliðina á bíl Jóhanns Helga. Það kvaðst ekki hafa skipt sér af því og haldið áfram vinnu sinni en þá heyrta hávaða og orðið litið út og séð öku-mennina vera að rífast. Vitnið sá, að Jóhann Helgi vildi ekki, að ákærði færi af staðnum og einnig að hann reyndi að hindra það. Er ákærði hafi ekið að Jóhanni Helga hafi sá síðarnefndi sest á vélarhlífina. Ákærði hafi þá gefið duglega í og Jóhann Helgi dottið af bifreiðinni við það að ákærði síðan hemlaði. Vitninu fannst greinilegt, að ákærði væri að reyna að losa sig við Jóhann Helga af bílnum og þegar honum hefði tekist það, hefði hann ekið á fullri ferð af vettvangi.

Vitnið Guðmundur Jóhannesson var við vinnu sína inni í kaupfélagshúsinu og kvaðst hafa litið út um gluggann við hávaða í bílvél. Vitnið kvaðst hafa séð Jóhann Helga standa fyrir framan bifreiðina og virtist vitninu hann vera að reyna að varna því, að bílnum væri ekið burt. Bifreiðinni hafi verið ekið af stað og þá hafi Jóhann Helgi eins og hrökklast upp á vélarhúsið.

Bifreiðinni hafi verið ekið stutta vegalengd og síðan verið stöðvuð harkalega og við það hafi Jóhann Helgi fallið í jörðina. Ákærði hafi í framhaldi af þessu ekið á brott. Vitninu fannst þetta undarlegt háttarni hjá ákærða.

Ákærða bar, áður en hann ók bifreið sinni aftur á bak, að þurrka móðu af afturrúðu bifreiðarinnar, svo að hann hefði óskert sjónsvið aftur fyrir bifreiðina. Það var hættulegt af ákærða að aka bifreiðinni aftur á bak með byrgt útsýni úr afturrúðu. Óumdeilt er, að ákærði ók inn í hlið bifreiðarinnar R-16825 er hann ók bifreið sinni aftur á bak. Við þessar aðstæður ók ákærði bifreiðinni óvarlega aftur á bak og fallast má á það með ákæruvaldinu, að háttsemi ákærða varði við 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, en tilvitnuð lagagrein skyldar öikumenn til að sýna sérstaka aðgæslu við akstur aftur á bak, svo að aksturinn valdi ekki hættu eða óþægindum fyrir aðra umferð. Háttsemi ákærða er réttilega lýst í II. lið ákæru.

Það var rangt mat hjá ákærða, að hann ætti ekki sök á umferðaróhappinu og tók hann því ranga ákvörðun, þegar hann ákvað að hverfa brott af vettvangi án þess að gefa Jóhanni Helga færi á að láta lögreglu kanna þar aðstæður. Vitnin Halldór Ingi og Guðmundur Jóhannesson sáú, er ákærði ók af stað, og ber vitnunum saman við framburð Jóhanns Helga um, að ákærði hafi ekið þannig að honum, þar sem hann stóð framan við bifreiðina, að Jóhann Helgi átti ekki annars úrkosti en setjast upp á vélarlíf bifreiðarinnar. Ekki sætir það andmælum ákærða, að hann hafi þá ekið bifreiðinni stuttan spöl áfram, og með framburði vitnanna Jóhanns Helga Konráðssonar, Halldórs Inga Guðmundssonar og Guðmundar Jóhannessonar er nægilega sannað, að ákærði hefur snögghemlað, svo að Jóhann Helgi féll í götuna. Hvorki er það hlutverk ökumanna að aka á gangandi vegfarendur né aka með þá sitjandi á bifreiðinni. Öikumenn mega ekki heldur stöðva bifreiðar sínar þannig, að það valdi hættu fyrir þá, sem staddir eru á vegi eða við hann. Akstur ákærða var tillitslaus, glannalegur og hættulegur. Hann var því andstæður meginreglum umferðarlaga, sem bjóða öikumönnum að sýna öðrum vegfarendum tillitssemi og varúð, þannig að aksturinn valdi ekki hættu eða tjóni, en greið og örugg umferð byggist á því að þessar forsendur séu virtar. Ákærði braut þannig gegn 1. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Háttsemi ákærða var ófyrirleitin og þess eðlis, að lífi og heilsu Jóhanns Helga, sem sat á bifreiðinni, var augljós hætta búin. Hún var því einnig refsiverð samkvæmt 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en enga þýðingu hefur að stiggreina hættuna í þessu sambandi. Læknisvottorð um tilgreinda áverka Jóhanns Helga liggur ekki fyrir í málinu, og er ósannað, að hann hafi hlotið þá áverka, sem í ákæru greinir. Með þessum tveimur athugasemdum þykir refsiverðri háttsemi í III. lið ákæru vera rétt lýst.

III.

Refsi- og viðurlagaákvörðun.

Ákærði er sakhæfur, en hann er fæddur 1. júlí 1927, og samkvæmt vottorði frá Sakaskrá ríkisins hlaut hann í Hæstarétti 22. febrúar 1985 sektarrefsingu og viðurlög vegna brots á lögum um dýravernd. Allmörgum árum áður, 13. mars 1972, féllst hann með dómsátt á að greiða sekt og þola stutta ökuleyfissviptingu fyrir brot á umferðar- og áfengislögum og ári síðar einnig með dómsátt sættist hann á 2.000 króna sektarrefsingu fyrir brot gegn 261. og 248. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærða, sem tiltekin verður eftir reglum 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þykir hæfilega ákveðin 60 daga varðhald, en fresta þykir mega fullnustu refsingar og láta hana niður falla að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Með lögum nr. 44 frá 7. maí 1993, sem tóku gildi 1. júní sl., voru gerðar þær breytingar á 101. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, að í stað sviptingar ökuréttinda samkvæmt hinum eldri lagatexta er nú með breytingalögumum mælt fyrir um sviptingu ökuréttar, sem bæði felur í sér sviptingu réttar samkvæmt ökuskírteini og réttar til að öðlast ökuskírteini. Að öðru leyti eru með breytingalögumum ekki gerðar þær efnisbreytingar á lagagreininni, sem hér skipta máli. Hins vegar ber samkvæmt 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að dæma eftir nýju lögumum, en engin efnisbreyting er gerð á sjálfum viðurlögumum frá því sem var í gildistíð eldri lagatexta. Til álíta kemur, hvort háttsemi ákærða samkvæmt ákærulið III var með þeim hætti, að varðað geti hann sviptingu ökuréttar. Eins og rakið er í niðurstöðu varðandi þann ákærulið hér að framan, var akstur ákærða tillitslaus, glannalegur og hættulegur og andstæður meginreglum umferðarlaga og þykir því rétt að kröfu ákæruvalds, en með vísan til 101. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 25. gr. laga nr. 44/1993, að svipta ákærða ökurétti, og telst svipting ökuréttar í þessu sambandi hæfilega ákveðin 1 mánuður frá birtingu dóms í máli þessu að telja.

IV.

Skaðabótakröfur og sakarkostnaður.

Í skýrslu hjá lögreglu 6. ágúst 1992 hefur Jóhann Helgi Konráðsson, kt. 301073–4539, uppi skaðabótakröfu á hendur ákærða. Jóhann Helgi, sem kveðst hafa fengið 409 krónur fyrir hverja unna klukkustund, gerir skaðabótakröfu, að fjárhæð krónur 1.227,00, vegna vinnutaps í þrjár klukku-

stundir. Ákærði mótmælir skaðabótakröfunni. Engin gögn frá vinnuveitanda fylgja skaðabótakröfunni og er hún því vanreifuð og verður vísað frá dómi.

Bótakrafa Guðmundar Steindórssonar lögreglumanns, kt. 260941–3809, sem dagsett er 18. ágúst 1992, er hins vegar svohljóðandi:

„Ég undirritaður geri þá kröfu á hendur Ellert Guðmundssyni, kt. 010627–7969, sem sló mig í andlitið er ég var við skyldustörf hinn 16. júlí síðastliðinn (sic), að hann greiði mér miskabætur, krónur 25.000,00, ásamt hæstu lögleyfðu vöxtum frá og með þeim degi, sem honum er birt bótakrafan, til greiðsludags . . .“ Bótakrafan er studd læknisvottorði, út gefnu af Kjartani Davíðssyni, Heilsugæslustöð Selfoss, 2. júlí 1992, og sem fyrr er fjallað um.“ Ákærði mótmælir bótakröfunni.

Leggja má til grundvallar, að Guðmundur Steindórsson lögreglumaður hafi við skyldustörf fimmtudaginn 2. júlí 1992 af völdum ákærða hlotið þá áverka, sem í ákeru greinir, en fram er komið í málinu, að Guðmundur leitaði samdægurs læknis. Fjárhæð skaðabótakröfunnar er í hóf stillt, og verður skaðabótakrafan því tekin til greina að öllu leyti og bera skal hún vexti skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 3. október 1992 til greiðsludags.

Samkvæmt 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað máls þessa, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 55.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Einars Gauts Steingrímssonar hdl., 55.000 krónur, en af hálfu ákæruvalds sótti málið hér fyrir dóminum Karl Gauti Hjaltason, fulltrúi lögreglustjórans á Selfossi.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari dæmir mál þetta. Miklar embættisannir dómarans urðu þess valdandi, að ekki reyndist unnt að kveða upp dóm í málinu fyrir 23. júní sl.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ellert Guðmundsson, sæti varðhaldi í 60 daga, en fresta skal fullnustu refsingar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi hann almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Ákærði er einnig sviptur ökurétti í 1 mánuð frá birtingu dóms þessa að telja.

Skaðabótakröfu Jóhanns Helga Konráðssonar er vísað frá dómi.

Ákærði greiði Guðmundi Steindórssyni lögreglumanni, kt. 260941–3809, 25.000 krónur í skaðabætur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxta-

laga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 3. október 1992 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað máls þessa, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 55.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Einars Gauts Steingrímssonar hdl., 55.000 krónur.
